



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Öldungaráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### **Efni: Svar við fyrirspurn öldungaráðs um stuðningsþjónustu fyrir eldra fólk**

Á fundi öldungaráðs þann 13. desember 2023 var svohljóðandi fyrirspurn vísað til umsagnar velferðarsviðs:

Öldungaráð óskar eftir upplýsingum um stuðningsþjónustu fyrir eldra fólk. Þá upplýsinga um fjölda aðila sem eru eldri en 67 ára og uppfylla skilyrði fyrir stuðningsþjónustu, oft nefnt félagsleg liðveisla, vegna skertrar færni sem kann að hafa áhrif á athafnir daglegs lífs. Þau, sem vegna félagslegra aðstæðna, skortir öryggi ef það býr eitt. Í þeim tilvikum sem skortur er á samfélagsþátttöku og virkni, hvernig hægt er að nýta styrkleika og aðra möguleika á stuðningi frá fjölskyldu eða öðrum í samfélaginu. Hvaða þjónusta er skilgreind undir félagslega liðveislunni fyrir eldra fólk? Eru e-r fjöldatakmarkanir á veitingu þjónustunnar? Er gjaldtaka fyrir vissa þætti þjónustunnar? Ef svo er, hver er hún?

### **Svar:**

Stuðningsþjónusta er veitt á grundvelli 1. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og er til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fjölskylduáðstæðna, álags eða veikinda. Í reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 og á fundi borgarráðs þann 14. október 2021 er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.-27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldriðra nr. 125/1999. Við breytingu á lögum um um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 sem tóku gildi þann 1. október 2018 var hugtakið liðveisla sem áður var notað í tengslum við þjónustu við fatlað fólk fellt út og í staðinn notað hugtakið félagslegur stuðningur. Í breytingunum fólst einnig að veita eigi stuðning bæði innan og utan heimilis fyrir bæði fatlað og ófatlað fólk.

Í reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu er kveðið á um þann stuðning sem veittur er einstaklingum. Framkvæmd þjónustunnar er á höndum starfsfólks heimastuðnings, sem er samþættur heimahjúkrun í Reykjavík. Í 3. gr. reglnanna er að finna skilgreiningar á þeim stuðningi sem um ræðir, þ.e. stuðning við athafnir daglegs lífs, við heimilishald og til að nýta velferðartækni. Heimsending matar er fyrir þá sem ekki geta annast matseld sjálfir. Jafnframt þjálfun endurhæfingarteymis í heimahúsi og aðstoð viðbragðsteymis fyrir þá sem þess þurfa. Félagslegur stuðningur er veittur til að rjúfa félagslega einangrun.



Félagslegur stuðningur hefur samkvæmt ofangreindum reglum það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku svo sem í félagsstarfi og er hann ætíð veittur samliða annarri þjónustu á heimilinu. Engin gjaldtaka fer fram vegna þess þjónustubáttar en hins vegar er tekið gjald fyrir þrif. Þann 1. nóvember 2023 voru alls 2112 notendur eldri en 67 ára sem fengu margvíslegan stuðning á heimilum. Engar fjöldatakmörkanir eru á veitingu félagslegs stuðnings.

Í 40. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er kveðið á um að tryggja skuli öldruðum aðgang að félags- og tómsfundastarfi við þeirra hæfi. Þetta gerir velferðarsvið Reykjavíkurborgar með rekstri 17 félagsmiðstöðva víðsvegar um borgina og miðast félagslegi stuðningurinn sem heimastuðningur veitir fyrst og fremst við að aðstoða eldra fólk við að tengjast því félagsstarfi sem er í boði í félagsmiðstöðvum í hverfum borgarinnar.

Félagslegur stuðningur er nú einnig veittur í æ meira mæli í gegnum skjáheimsóknir eða í formi göngutúra og/eða spjalls á heimili. Í þeim tilvikum þegar skortur er á samfélagsþátttöku og virkni eru aðrir möguleikar á stuðningi skoðaðir og t.d. er gott samstarf við Rauða krossinn sem er með vinaverkefni þar sem sjálfboðavinir heimsækja fólk á heimili. Hægt er fá heimsóknavin, símavin, gönguvín, heimsóknavin með hund eða tónlistarvin allt eftir áhugasviði þeirra sem eru í þörf fyrir félagslegan stuðning. Að lokum má nefna geta þess að á velferðarsviði er í gangi þróunarverkefni þar sem félagslegur stuðningur er veittur einstaklingum með heilabilun þar sem aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima. Sérstakt starfsfólk veitir stuðning inni á heimili, eitt til tvö skipti í viku, í 2-3 klukkustundir í senn, t.d. um kvöld og helgar í samræmi við þarfir heimilisins. Um leið og hinum heilabilaða einstaklingi er veittur stuðningur gefst aðstandendum kostur á að fara út af heimilinu. Með þessu móti er verið að mæta þörf sem áður hefur ekki verið hægt að mæta með markvissum hætti.